

Framleiðsla prófa

1 TILGANGUR OG GILDISSVIÐ

Þetta ferli tryggir að framleiðsla og fjölrítun lokaprófa fari fram eftir settum reglum.

Ferlið gildir um öll aðalpróf í próftöflu.

2 ÁBYRGÐ

Námsráðgjafar bera ábyrgð á að umbeðin sérúrræði fyrir próf séu samþykkt í Innu

Prófstjóri ber ábyrgð á að endanleg próftafla sé tiltæk

Kennarar bera ábyrgð á að skila prófum inn til fjölrítunar innan settra tímamarka

Skólaritari ber ábyrgð á að fjölrita prófin í réttum fjölda, lit og á réttum tíma og koma þeim til prófstjóra innan settra tímamarka. Hann ber einnig ábyrgð á að frumrit sem og fjölrítuð próf séu geymd í læstum hirslum á meðan þau eru í afgreiðslu og að vista frumrit á safnmáli í rafræna skjalakerfinu (eitt safnmál fyrir hverja önn).

3 FRAMKVÆMD

Inntak	Aðgerð	Ábyrgð	Nánar
Próftafla	Prentaðir út mætingarlistar allra hópa sem taka lokapróf	Skólaritari	Sjá vinnulýsingu VL-0022 Prentun mætingarlista fyrir framleiðslu prófa
Mætingarlistar	Skrifað inn á listana dagsetning og tími prófs	Skólaritari	Dagsetning og klukkan hvað prófið er
Próftafla – frumriti prófs skilað inn	Merkt við áfanga í próftöflu þegar frumriti prófs er skilað inn	Skólaritari	Sjá vinnulýsingu VL-0023 Móttaka á frumritum prófa
Frumrit prófa skráð í rafræna málakerfið	Búið til safnmál fyrir hverja önn	Skólaritari	Búið er til safnmál í rafræna skjalakerfinu fyrir hverja önn og öll lokapróf vistuð þar undir 3.3.6 Frumrit prófa
Mætingarlistar	Fjölritun prófs	Skólaritari	Sjá vinnulýsingu VL-0024 Fjölritun prófa

Framleiðsla prófa

Próftafla - fjölrítun	Merkt við áfanga í próftöflu þegar búið er að fjölrita prófið	Skólaritari	
-----------------------	---	-------------	--

4 TILVÍSANIR

Vinnulýsing VL-0022 Prentun mætingarlista fyrir framleiðslu prófa

Vinnulýsing VL-0023 Móttaka á frumritum prófa

Vinnulýsing VL-0024 Fjölrítun prófa

Frumrit prófa vistuð í rafræna skjalakerfinu undir 3.3.6 Frumrit prófa

5 BREYTINGAR